



Fundur háskólaráðs 19. maí 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 18.05.2004
Dags: 19.05.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

08/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, miðvikudaginn 19. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 12.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, María Guðmundsdóttir, Anna Soffía Hauksdóttir, Höskuldur Þráinsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Davíð Gunnarsson, Jóhannes R. Sveinsson, Þórður Harðarson og Matthías Páll Imsland.

1. Mál á auglýstri dagskrá

1.1 Staðan í viðræðum við menntamálaráðuneytið, sbr. samþykkt háskólaráðs 25. mars sl. Lagt fram bréf Háskólans til menntamálaráðherra, dags. 26. mars 2004, bréf Háskólans til ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, dags. 29. mars 2004 og bréf ráðuneytisstjóra til háskólarektors, dags. 19. maí 2004.

Rektor gerði ítarlega grein fyrir málinu og var það rætt. Að umræðu lokinni samþykkti háskólaráð einróma svohljóðandi tillögu:

„Á fundi sínum 11. mars sl. samþykkti háskólaráð að leita umsagnar háskólafundar um það hvort leggja skuli til við menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir breytingu á lögum sem veiti Háskólanum heimild til að innheimta gjöld af nemendum í hefðbundnu háskólanámi. Í ljósi umræðna á síðasta háskólafundum um erindi þetta samþykkti háskólaráð á fundi sínum 25. mars eftirfarandi ályktun:

„Háskólaráð óskar eftir því að hafnar verði sem fyrst formlegar viðræður milli Háskóla Íslands og menntamálaráðherra um eftirtalin atriði:

- Þátt Háskóla Íslands í uppbyggingu háskólastigsins á Íslandi næstu tíu árin.
- Þátt stjórnvalda í sérstakri uppbyggingu meistara- og doktorsnáms við Háskóla Íslands.

c) Framtíðarfjármögnun kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands – þar á meðal kosti og galla skólagjalda.

Háskólaráð felur rektor að gera menntamálaráðherra grein fyrir þessari ályktun og efnisatriðum hennar og jafnframt að kynna sérstaklega fyrir ráðherra umræðuna um skólagjöld innan Háskólans.”

Viðræður þessar standa nú yfir og því óskar háskólaráð eftir því að háskóla-fundur taki ekki afstöðu til fyrirnefnds erindis ráðsins og fyrirliggjandi tillögu Ágústss Einarssonar fyrir en niðurstöður þeirra viðræðna liggi fyrir.”

1.2 Aðgangstakmarkanir.

Lagt fram minnisblað akademískrar stjórnsýslu, dags. 18. maí 2004.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Í máli rektors kom m.a. fram að í það stefnir að virkir nemendur við Háskóla Íslands verði a.m.k. 350 fleiri á árinu en fjárlög gera ráð fyrir. Málið var rætt ítarlega og verður það áfram á dagskrá ráðsins.

2. Önnur mál

2.1 Greiðsla Háskóla Íslands til Landsbókasafns-háskólabókasafns fyrir lengdan opnunartíma Þjóðarbókhlöðu, sbr. fund ráðsins 25. mars sl.

Rektor greindi frá ósk landsbókavarðar um að Háskólinn felli ekki að fullu niður greiðslu vegna lengds opnunartíma Þjóðarbókhlöðu. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma að fela rektor að ræða málið við landsbókavörð.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 13.10